

LUNDUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mars 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

INNGANGUR	4
LEIKSKÓLINN LUNDUR	4
GREINING	5
ÞAÐ SEM VEL ER GERT	5
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	5

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Lundi sem fram fór í desember 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í desember 2014 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 8.-12. desember. Matið byggir á gögnum leikskólans, viðtölum og rýnihópum starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN LUNDUR

Leikskólinn Lundur tók til starfa í ágúst 2001 og er staðsettur að Kleppsgörðum 2, 104 Reykjavík.

Leikskólastjóri og jafnframt rekstaraðili leikskólans er Valgerður H. Valgeirsdóttir.

Lundur er sjálfstætt rekinn leikskóli fyrir börn frá því að fæðingarorlofi lýkur og til tveggja ára aldurs. Leikskólinn Lundur er með rekstarleyfi fyrir 50 börn, meðan mat fór fram voru þar 45 börn.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Stjórnendur¹ og starfsfólk leikskólans leggur áherslu á sérstöðu leikskólans sem ungbarnaleikskóla með þarfir yngstu barnanna í huga. Starfsfólk sýnir börnum og foreldrum umhyggju og hlýja einkennir öll samskipti. Starfsfólki finnst framlag sitt metið að verðleikum. Hugað er að öryggis- og slysavörnum barna og í leikskólanum hefur verið mótað verklag þar um og rýmingaráætlun. Húsnæði leikskólans gefur góða möguleika til leikja og náms og barnahópurinn dreifist vel. Almenn ánægja er meðal starfsfólks, starfsandi og samskipti eru góð og telur starfsfólk að jafnræðis og jafnréttis sé gætt. Börnunum í Lundi líður vel og þau eru glöð og áhugasöm. Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Foreldrum finnst þeir velkomnir í leikskólann og þeir taka virkan þátt í viðburðum leikskólans. Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns og spurningum þeirra er greiðlega svarað af starfsfólki.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Stjórnandi sé til staðar í daglegu starfi og leiðbeini og móti faglegt starf í samvinnu við starfsfólk. Skapa þarf umræður um einkunnarorð leikskólans og gera þau sýnileg í starfi. Stefnu leikskólans þarf að setja skýrt fram í nýrri skólanámskrá og tryggja að mótun hennar sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra. Efla þarf faglegt leiðtoga hlutverk stjórnendateymis² til að auka faglega umræðu og metnað í leikskólastarfinu. Móta þarf verklagsreglur er varða áföll, ágreining, eineltis- og barnaverndarmál og tryggja að að þær séu aðgengilegar og að unnið sé eftir þeim. Nýta má betur möguleika húsnæðis til leiks og náms og endurskoða hlutverk herbergja innan leikskólans til að auka fjölbreytni í viðfangsefnum. Endurskoða þarf nýtingu útileiksvæðis til að auka útiveru og nýta umhverfi leikskólans til þekkingarleitar. Einnig fjölbreytni í leik- og námsefni og gefa börnum færi á að velja leikefni og hafa áhrif á skipulagðar stundir. Gera aðgengi barna að bókum betra og gefa lestri meira vægi með því að auka fjölbreytni í bókakosti. Huga að því að börn fái tækifæri til að tjá sig og að námsumhverfi styðji við máltöku og málþroska barna s.s. í samskiptum, verkefnum og efnivið. Mikilvægt er að leggja áherslu á ferlið í stað afurðar, þegar unnið er með sköpun þannig að það endurspeglar í skólanámskrá og daglegu starfi. Sjá til þess að starfsfólk tileinki sér skráningar í daglegu starfi og taki mið af styrkleikum barna. Gera mat á námi og stöðu allra barna í samvinnu leikskóla og foreldra. Til að bæta upplýsingaflæði verði sett upp heimasíða fyrir leikskólann þar sem hægt er að miðla áherslum leikskólans og hagnýtum upplýsingum til foreldra og almennings. Heimasíðan hafi einnig að geyma upplýsingar á erlendum tungumálum.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

²Leikskólastjóri, starfsfólk með stjórn og leikskólakennari.